

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Reykjavík 12. desember 2016
UST201611-183/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020, Mjólkárviðkjun

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 25. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020, Mjólkárviðkjun.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir stækkun Mjólkárviðkjunar, en þar þarf að tilgreina stíflur, vegslóða, veituskurði o.fl.

Skipulagssvæðið

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er 19 km² í landi Borgar í Borgarfirði sem er innfjörður Arnarfjarðar. Mjólkárviðkjun samanstendur af þremur megineiningum, Mjólká I, II og III.

Áætlaðar framkvæmdir

Áætlað er að byggja tvær stíflur, fjóra veituskurði, lokuhús auk þess að byggja á yfir spennu og tengivirki í Borgarfirði. Vegna framkvæmdanna er einnig áætlaður 3,5 km langur slóði. Einnig kemur fram að áætlað er að veita vatni úr Kattarvatni í Tangavatn.

Veituskurðir

Í lýsingu kemur fram að fjórir veituskurðir eru áætlaðir, þrír á Hófsárveitusvæðinu og einn á milli Kattarvatns og Tangavatns. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ganga þannig frá skurðum að þeir stingi ekki í stúf við náttúrulega ásynd svæðisins, og forðast að hafa skurðina þráðbeina, heldur leitast við að fella þá að umhverfinu ef þess er nokkur kostur. Einnig er afar mikilvægt að ganga vel frá skurðum og öllu raski á svæðinu.

Í lýsingu kemur fram að þar sem ofangreindar framkvæmdir falla undir lið 3.22, 10.17 og 13.02 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þá sé unnið að gerð tilkynningar til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Í lýsingu kemur einnig fram að áætlaðar framkvæmir eru allar upp af Borgarfirði og virðast norðar en vatnasvæði Dynjanda sem er friðlýstur sem náttúruvætti. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að aðgerðir vegna vatnsöflunar á svæðinu hafi ekki áhrif á náttúruminjasvæði í nágrenninu. Einnig er að mati Umhverfisstofnunar mikilvægt að nýta slóða og þegar röskuð svæði ef þess er nokkur kostur.

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar

Í lýsingu kemur fram að í tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi virkjunarinnar sem er frá 2010, þarf að tilgreina nánari útfærslu á fyrirhuguðum framkvæmdum í samræmi við breytingar á aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um breytt deiliskipulag, en í lýsingu kemur fram að afmarkaðar verða lóðir og byggingarreitir, ásamt framkvæmdareitum fyrir veituskurði og stíflumannvirki og umfang þeirra skilgreint.


Landslag


Í umfjöllun um landslag kemur fram að víða megi sjá fyrri virkjanaframkvæmdir s.s. þrýstipípur, veituskurði, stíflur og vegslóða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ef um framkvæmdir er að ræða sem ekki eru nýttar lengur þá er mikilvægt að í nýjum áætlunum sé gert ráð fyrir frágangi á slíkum svæðum.

Umhverfispættir

Í töflu yfir vinsun umhverfispátta kemur fram að Glámuhálendið er ósnortið og að framkvæmdasvæðið stækkar. Að mati Umhverfisstofnunar skiptir umgengni og frágangur við framkvæmdir afar miklu máli. Eins og fram kemur hér að ofan telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framkvæmdir s.s. veituskurðir séu felldir að umhverfinu eins og kostur er og að leitast sé við að hafa þá ekki þráðbeina.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur